

# Vantrú

Vantrú



- Helstu upphafsmennirnir kynntust innan raða SAMT hjá Siðmennt.
  - Vefurinn [www.vantru.net](http://www.vantru.net) settur á fót 2003.
    - Flestir aðstandendurnir halda einnig út eigin vefjum, t.d.:
      - [www.orvitinn.com](http://www.orvitinn.com) frá a.m.k. 2002.
      - [www.birgjr.com](http://www.birgjr.com) frá a.m.k. 2002.
  - Vantrú verður félag 2004.
    - „Félagið er opið öllum trúleysingjum og þeim sem hafna yfirnáttúru ...“ (6. gr.)
    - „Tilgangur félagsins er að berjast gegn boðun hindurvitna í samfélaginu.“ (3. gr.)
    - „Tilganginum hyggst félagið m.a. ná með því að stuðla að gagnrýninni umræðu um trúmál ...“ (4. gr.)
  - 4. janúar 2009 sagðist Vantrú hafa hjálpað 757 einstaklingum að yfirgefa þjóðkirkjuna.

## Nokkrir af helstu liðsmönnum Vantrúar



Allir hafa þessir liðsmenn Vantrúar fengið mikinn fjölda blaðagreina birtan í fjölmiðlum á undanförunum árum, oft með stuttu millibili. Jafnframt hafa þeir verið afar virkir víða á netinu.

(Að vísu er kristsmýndin sennilega ekki notuð af viðkomandi einstaklingi en er látin flakka hér með að því að hún er svo flott og vonandi honum að skapi!)



# Innblástur


---

- Helstu hugmyndafræðingarnir sem vísað er til:
  - Richard Dawkins (1941-).
  - Robert Ingersoll (1833-1899).
  - George H. Smith (1949-).
  - Dan Barker (1949-).
  - James Randi (1928-).
  - Daniel C. Dennett (1942-).
  - Christopher Hitchens (1949-).
  - Sam Harris (1967-).
  - Niels Dungal (1897-1965).
- Dæmi um netgagnabanka sem sótt er til:
  - The Sceptic's Dictionary: [www.scepdic.com](http://www.scepdic.com).
  - Atheist Alliance: [www.atheistalliance.org](http://www.atheistalliance.org).
  - NoBeliefs.com for Freethinkers: [www.nobeliefs.com](http://www.nobeliefs.com).

Copyrighted Material

# LOSING FAITH IN FAITH

*From Preacher To Atheist*



*by Dan Barker*

Copyrighted Material



- Bandaríkjamaðurinn Dan Barker (1949-) hefur starfað sem aðstoðarprestur í kvekarasöfnuði og safnaðarhirðir í hvítasunnusöfnuði hjá Assembly of God og síðar í náðargjafavakningarsöfnuði.
  - 1984 gerðist hann yfirlýstur guðleysingi og 1992 gaf hann út sjálfsævisögu sína, *Losing Faith in Faith: From Preacher to Atheist*.
    - Birgir Baldursson sagðist á upphafsárum Vantrúar vera að þýða hana á íslensku.
  - Fyrirlesari á ráðstefnu guðleysingja á Íslandi 2006.
    - Matti tók myndina af honum þar og setti hana inn á Wikipediu.
  - Forstöðumaður *Freedom from Religion Foundation*, samtaka sem berjast gegn opinberum fjárframlögum til starfsemi tengdri trú.
    - Tapaði dómsmáli fyrir hæstarétti Bandaríkjanna 2007.



DISCUSSIONS WITH  
RICHARD DAWKINS

# DISCUSSIONS WITH RICHARD DAWKINS



A unique fly-on-the-wall opportunity to observe four of today's leading religious critics.

I

EPISODE ONE



ON THE 30<sup>TH</sup> OF SEPTEMBER 2007, Richard Dawkins, Daniel Dennett, Sam Harris and Christopher Hitchens sat down for a first-of-its-kind, unmoderated 2-hour discussion, convened by RDFRS and filmed by Josh Timonen. All four authors have recently received a large amount of media attention for their writings against religion - some positive, and some negative.




In this conversation the group trades stories of the public's reaction to their recent books, their unexpected successes, criticisms and common misrepresentations. They discuss the tough questions about religion that face to world today, and propose new strategies for going forward.

### AUTHORS' RECOMMENDED BOOKS

- The God Delusion* by Richard Dawkins
- Breaking the Spell* by Daniel C. Dennett
- Letter to a Christian Nation* by Sam Harris
- The End of Faith* by Sam Harris
- God is Not Great* by Christopher Hitchens

THE FOUR HORSEMEN

# THE FOUR HORSEMEN



The RICHARD DAWKINS FOUNDATION FOR REASON AND SCIENCE (RDFRS) presents "DISCUSSIONS WITH RICHARD DAWKINS - EPISODE ONE: THE FOUR HORSEMEN"

Featuring RICHARD DAWKINS, DANIEL C. DENNETT,  
SAM HARRIS and CHRISTOPHER HITCHENS  
Camera, Audio and Editing by JOSH TIMONEN

NTSC All-Region

1 DVD

Run Time: 120 min

RichardDawkins.net  
RichardDawkinsFoundation.org

© 2007 Richard Dawkins Foundation. All Rights Reserved.  
Made in the USA. DVD design by Josh Timonen, UpperBranch.com



A Round Table Discussion With:

RICHARD DAWKINS • DANIEL C. DENNETT  
SAM HARRIS • CHRISTOPHER HITCHENS

BARCODE HERE



Föstudagur, 23. júní 2006 klukkan 23:54

## Einn besti dagur lífs míns



Bókstaflega einn besti dagur lífs míns og ráðstefnan er ekki einu sinni hafin.

Ég er þarna með *The Selfish Gene* í höndunum eftir að hafa fengið hana áritaða frá Dawkins. Myndin er líka góð.

Kátur sem skólástelpa.

Það er bara ekki það að hitta þetta fræga fólk heldur líka að hitta venjulega trúleysingja viðs vegar að. Við Hjalti, Matti og Musi spjölluðum heillengi við náunga frá Bretlandi sem heitir Josh. Hann var alveg ótrúlega skemmtilegur. Ég hitti líka sænskan líffræðinema sem var ekki alveg nógu hugrökk til að spjalla við Dawkins en hún valdi sína braut í lífinu eftir að hafa lesið bók eftir hann. Markmið morgundagsins er að ýta henni til að spjalla við hann. Ég spjallaði líka við náunga sem heitir Dennis sem kom með alveg frábæra hugmynd fyrir Skeptíkus í vetur.

Dan Barker hafði líka góðar hugmyndir fyrir okkur um hvernig við eigum að vekja athygli á okkur.

En þetta er bara æðislegt, indælt, skemmtilegt, klárt, fyndið og almennt frábært fólk þarna. Það er yndislegt að hitta svona margt fólk sem er líkt þenkjandi og maður sjálfur (ekki það að ég sé búinn öllum þessum kostum sem ég taldi upp hér að ofan). Ég er svo glaður að vera til.

Þetta skrifaði Óli Gneisti. Flokkun [Ráðstefnan 2006](#) | [Engin athugasemd](#)

Sunnudagur, 25. júní 2006 klukkan 21:18

## Dawkins á Dawkins



Ég er gríðarlega ánægður með þessa mynd. Til að koma í veg fyrir spurningar um hvað er merkilegt við hana þá bendi ég á að þarna situr Dawkins, langaftast í salnum og horfir á sjálfan sig á tjaldinu. Mjög gaman að ná andlitinu þar.

Mér sýndist reyndar hann aðallega vera að fylgjast með áhorfendum (sem sjást því miður ekki nógu vel á myndinni, það voru allavega hátt í hundrað manns þarna þegar á sýningunni stóð).

Ég endurtek það sem ég sagði í gær. Dawkins er svo indæll maður og svo kammó. Hann hefur áhuga á öllum og hlustar á álit þeirra.

Dawkins í Kastljósinu (hárið hans svoltið eftir sig vegna Bláa Lóns ferðarinnar).

Dawkins á NFS.

Þetta skrifaði Óli Gneisti. Flokkun [Ráðstefnan 2006](#) | 4  
[athugasemdir](#)

Sunnudagur, 25. júní 2006 klukkan 20:58

THE INTERNATIONAL BESTSELLER

Eymundsson  
Kr 1.795

RICHARD  
DAWKINS

THE  
GOD  
DELUSION

A very important book, especially in these times . . . a magnificent book, lucid and wise, truly magisterial' Ian McEwan

- Dawkins áréttar mikilvægi þess að vera stoltur guðleysingi:
  - „Being an atheist is nothing to be apologetic about. On the contrary, it is something to be proud of, standing tall to face the far horizon, for atheism nearly always indicates a healthy independence of mind and, indeed, a healthy mind.” (Dawkins, Richard: *The God Delusion*. Black Swan. London. 2007. Bls. 26.)
  - „Ég er stoltur af trúleysi mínu, ég er glaður að ég er trúleysingi. Það er ekki neikvætt að vera trúlaus heldur jákvætt.” (Óli Gneisti Sóleyjarson: „Trúleysi er ekki jaðarskoðun.” *Morgunblaðið*. 2. ágúst 2006. Bls. 28.)





# Fullyrða vantrúarmenn um trúarleg efni?

---

- Matthías Ásgeirsson (Matti):
  - „Hvað er dauðinn? ... Við verðum ekki lengur til. Það er ekkert himnaríki, ekkert helvíti, engir handanheimar fullir af heilalausum hálvitum sem muna ekki hvað þeir heita en þurfa endilega að komast í samband við fjarskylda ættingja ... við fáum bara eina umferð, einn séns og ef við klúðrum því þá er það búið.“ ([www.orvitinn.com](http://www.orvitinn.com) 9-8-03.)
  - „Aftur á móti fullyrði ég að kristnar sögur eru mýtur, Guð kristinna manna fullkomin þverstæða og þar með ekki til og að ekkert bendir til að Jesús hafi verið raunveruleg persóna og að það er fullkomlega klikkað að trúa því að hann hafi framkvæmt kraftaverk, dáið á krossinum og risið upp frá dauðum.“ ([www.gudfraedi.is/annall/ornbardur](http://www.gudfraedi.is/annall/ornbardur) 18-8-04.)



# Fullyrða vantrúarmenn um trúarleg efni?

---

- Óli Gneisti Sóleyjarson:
  - „Meðal þess sem er nefnt þegar talað er um hroka trúleysingja er það að við teljum okkur hafa komist að endanlegri niðurstöðu um tilvist guðs. Þessa niðurstöðu byggjum við á reynslu okkar og þekkingu.“ ([www.vantru.net](http://www.vantru.net) 6-2-05.)
  - „Svo það sé alveg ljóst þá er enginn fræðimaður sem er tekinn alvarlega innan eðlisfræðiheimsins sem heldur því fram að alheimurinn hafi orðið til út frá hugsun. Þetta er einfaldlega kjaftæði.“ (Óli Gneisti Sóleyjarson: „Óskhyggjan og leyndarmál græðginnar.“ *Morgunblaðið*. 11. október 2007. Bls. 34.)



# Fullyrða vantrúarmenn um trúarleg efni?

---

- Hjalti Rúnar Ómarsson:
  - „... að guð sé ekki til ... er líkt því að að tveir plús þrír séu fimm nema þá að maður endurskilgreini tvo eða þrjá eða þá hafni stærðfræði eins og hún leggur sig. ... allt bendir til þess að guð sé ekki til, annað er bara sjálfsblekking.“ ([www.vantru.is](http://www.vantru.is) 21-10-04.)



## Fullyrða vantrúarmenn um trúarleg efni?

- Vésteinn Valgarðsson:

- „Biblían er merkileg og áhugaverð að mörgu leyti, en orð guðs er hún ekki. Það er vegna þess að guð er ekki til.“ ([www.vangaveltur-vesteins.blogspot.com](http://www.vangaveltur-vesteins.blogspot.com) 26-4-04.)
- „Þegar ég í bernsku gerði mér ljóst að jólasveinar voru ekki til var það óneitanlega merkileg uppgötvun í mínum huga. Svipað var það þegar ég áttaði mig á að guð er ekki til. Augu mín lukust upp; mér skildist sú firra sem ég hafði lifað í og var nú laus úr. ... Guð er blekking. Því fyrr sem maður áttar sig á því, þess betra. Það er nákvæmlega ekkert sem bendir til þess að guð sé til ... Ef ég hef tækifæri til að læða efa að fólki, vekja með fólki áleitnar spurningar eða sýna fram á þversagnir, þá hlýt ég að gera það. *Hvaða ávinning hef ég af því?* ... Þegar er grafið undan trúgirnri fólks er um leið grafið undan söfnuðum og þá fyrst og fremst þjóðkirkjunni ... Það er mér til sárrar gremju, að heil stétt manna skuli geta þrífist á því að ljúga að fólki og að innræta fólki hindurvitni. Að festa fólk (gjarnan smábörn) í andlega fjötra. ... Því fyrr sem fólk hættir að trúa á himnadrauga og telja mannát sáluhjálp, því fyrr sem menn hrista af sér fjötra fáfræði, ótta og kjánaskapar, þess fyrr verður hægt að einbeita sér að einhverju gagnlegra.“ ([www.vangaveltur-vesteins.blogspot.com](http://www.vangaveltur-vesteins.blogspot.com) 21-4-04.)



# Fullyrða vantrúarmenn um trúarleg efni?

---

- Birgir Baldursson:
  - „**Hvað haldið þið að gerist þegar við deyjum?** ... Í hinum heilastóra manni slokknar vitundarljósið einfaldlega og öll menntun okkar og reynsla fer fyrir lítið (nema það sem við látum eftir okkur til komandi kynslóða). Aðeins genin eiga framhaldslíf, afrituð í afkvæmum okkar. Við höfum aftur á móti verið tekin af númerum eins og hverjar aðrar bíldrúslur og endum flest í Vökuportinu mikla niðri í jörðinni.“ ([www.vantru.is](http://www.vantru.is) FAQ.)



## Einkennist starfsemin af trúboði?

---

- Hjalti Rúnar Ómarsson:
  - „... það eina sem meðlimir hafa sameiginlegt er trúleysið; herskátt trúleysi. ... Ef allar tilraunir til þess að sannfæra aðra um réttmæti skoðana sinna er trúboð, þá er þetta trúboð ... Ég held að það sé í sjálfu sér slæmt að fólk gangi um með rangar skoðanir.“ (Símon Hjaltason: „Herskáir trúleysingjar – berjast gegn ranghugmyndum.“ *Stúdentablaðið*. Desember 2007. Bls. 6.)



## Einkennist starfsemin af trúboði?

---

- Óli Gneisti Sóleyjarson:
  - „Ég myndi vilja gera hann að stoltum og góðum trúleysingja sem skilur að Biblían er með öllu óþörf.“ (Óli Gneisti Sóleyjarson: „Úr samhengi séra Gunnars.“ *Morgunblaðið*. 24. ágúst 2006. Bls. 28.)



## Einkennist starfsemin af trúboði?

---

- Vésteinn Valgarðsson:
  - „Ef ég væri ekki á leiðinni heim þætti mér það verðugt viðfangsefni að fá þessa Vottakonu í heimsókn oft í viðbót og, smám sama, breyta henni í marxista með því að innræta henni díalektíska efnishyggju, útskýra fyrir henni stéttabaráttuna og beina talinu stöðugt frá Biblíunni til Karls Marx. Hún er alls ekki heimsk; gæti örugglega orðið hinn nýtasti marxisti ef hún fengi alúðlega kennslu.“ ([www.vangaveltur-vesteins.blogspot.com](http://www.vangaveltur-vesteins.blogspot.com) 26-4-04.)





## Einkennist starfsemin af trúboði?

- Birgir Baldursson:
  - „Trúarvirusinn gegnumskýrir samfélagið og er því hættulegur. ... Hér heima sjáum við ríkisrekið dómsdagskölt sjúga milljarða og aftur milljarða úr sameiginlegum sjóðum landsmanna. Við sjáum önnur svipuð költ kalla til töframenn utan úr heimi til að féfletta sjúka og þjáða, en bjóða í staðinn ekki upp á neitt annað en mágsefjun og plasíbo. ... bæði lærðir og leikir trúmenn víla ekki fyrir sér að ata trúleysingja og trúleysi aur og skít, þótt aldrei dytti þeim í hug að setja neitt svipað fram um trúarbrögð sem þeir aðhyllast ekki. ... Yfirnáttúru trúin er andskynsamleg og á skjön við raunveruleikann. Það er stórhættulegt heimsbyggðinni að valdamiklir menn, sem telja sig í beinlínusambandi við andaverur, stýri gjörðum sínum í samræmi við það sem þeir telja þessar verur ráðleggja sér. Þótt ekki væri nema bara í krafti þessarar hættulegu veilu er réttlætanlegt að vekja athygli á skaðsemi trúarinnar og hvetja til þess að menn láti læknast af þessum hugarvirus. Og **það er einmitt þetta sem við erum að gera. Við hristum fólk í þeirri von að það vakni loksins upp af þeim furðulegu álögum sem trúarleiðtogar, sama hvaða nafni þeir nefnast, hafa bundið það í með skefjalausum sefjunaráróðri og siðlausum lygum.**“ ([www.vantru.is](http://www.vantru.is) 23-11-04.)



# Um málefnalegar umræður

---

- Birgir Baldursson:
  - „Hér á Vantrú erum við hvorki *libó* né *póstmóðern*. ... **Við erum afdráttarlaus og reynum að sjálfsögðu að sýna fólki fram á það ef okkur finnst skoðanir þess rangar.** Þaðan fá óvanir síðan hugmyndina um ofstækið. Við köllum alltaf eftir málefnalegri umræðu. Hún má, og jafnvel **á að vera hörð og óvægin, afhjúpandi og nærgöngul.** ... Og hugtakið málefnalegur **táknar ekki kurteisi** eða það að virða skoðanir annarra. Það táknar það eitt að menn einblíni á málefnið sem til umræðu er og **láti persónur manna og slíkt liggja á milli hluta.**“ ([www.vantru.is](http://www.vantru.is) 24-11-04.)



# Um trúarskoðanir annarra

---

## ■ Örfá dæmi:

- „... mér finnst fáránlegt að það sé bundið í lög að ekki megi draga dár að eða smána trúarkenningar eða trúarleiðtoga.“ (Matti á [www.orvitinn.com](http://www.orvitinn.com) 5-6-03.)
- „Ég er orðinn þreyttur á trúmönnum sem ... móðgast svo þegar þeir eru kallaðir hálfvitar.“ (Matti á [www.birgir.com](http://www.birgir.com) 2-10-02.)
- „... á póstlista SAMT ... virðast flestir þeirra skoðunar að meðlimir SAMT eigi að vera sérstaklega umburðarlyndir og frjálsslyndir í garð (trúar)skoðana fólks. Ég er náttúrulega ósammála þessu ... Ég er hrokafullur andskoti og ég ber ekki virðingu fyrir sumu fólki.“ (Matti á [www.orvitinn.com](http://www.orvitinn.com) 23-9-02.)
- „Þeir sem raunverulega byggja siðferði sitt á henni eru upp til hópa frekar ógeðfelldir öfgatrúarmenn.“ (Óli Gneisti Sóleyjarson: „Siðferðilegur grunnur lífsins?“ *24 stundir*. 31. október 2007. Bls. 16.)



## Orðbragðið

---

- Nafngreindir einstaklingar eru m.a. kallaðir ...
  - drusla.
  - asni.
  - bjáni.
  - fáviti.
  - fífl.
  - bölvaður fábjáni.
  - falskur og ómerkilegur.
  - trúarrugludallaleiðtogi, loddari og brjálæðingur.
  - rugludallur.
  - hlandspekingur.
  - trúarnöttari.
  - mannandskoti.
  - djöfulsins gunga.
  - geðsjúklingur.
  - augljóslega snarbiluð manneskja.
  - drullusokkur.
  - leiðinlegur.
  - greinilega eitthvað skemmdur.
- Margt af þessu er sótt í skrif Matta sem verið hefur formaður Vantrúar.

Ólöf Ásta Farestveit  
Þorbjörg Sveinsdóttir

# Verndum þau

HVERNIG BREGÐAST Á VIÐ GRUN UM VANRÆKSLU  
EÐA OFBELDI GEGN BÖRNUM OG UNGLINGUM

- Er hægt að tala um andlegt ofbeldi í tengslum við orðræðu ýmsra vantrúarmanna?

- **„Hvað er andlegt ofbeldi?“**

Andlegt ofbeldi á sér stað þegar barn er móðgað, kallað ónöfnum eða komið er fram við það á ómanneskjulegan hátt. ... Andlegt ofbeldi getur meðal annars birst ... með ... niðrandi tali. ... Neikvæð umræða um aðra er niðurbriótandi.“

(Ólöf Ásta Farestveit & Þorbjörg Sveinsdóttir: *Verndum þau. Hvernig bregðast á við grun um vanrækslu eða ofbeldi gegn börnum og unglingum*. Mál og menning. Reykjavík. 2006. Bls. 39-41.)

# Trúleysingjar eru líka fólk

FB  
14.12.07.40

## UMRÆÐAN

Trúmál

Menntamálaráðherra Má hrós skilið vegna fyrirhugaðra breytinga á námsskrá. Þar á að taka út óljóst og umdeilt „kristilegt siðgæði“ og setja í staðinn upptalninguáalmennumsiðferðisgildum. Það er gott, enda á skólinn ekki að vera vettvangur trúboðs.

Þjóðkirkjunni finnst kristna trú vanta, og hefur því risið upp á afturlappirnar. Talsmenn hennar hafa farið mikinn, með ódregilegum málf lutningi sem er þeim ekki til sóma. Þetta hefur að miklu leyti beinst gegn Siðmennt, sem hefur árum saman barist gegn trúboði og trúarlegri starfsemi í opinberum skólum. Þótt kirkjunnar menn viti betur, hafa þeir kosið að veifa því ranga tré að Siðmennt sé á móti litlujólum og fræðslu um trúarbrögð. Það er leiður siður að gera fólk upp skrípamynd af málstað þess. Eins og við mátti búast, hefur þessu verið svarað rækilega, og ég ætla ekki að endurtaka þær leiðréttingar hér. Hins vegar vil ég tjá undrun mína yfir þeirri kokhreysti biskups að kalla Siðmennt „hatrömm samtök“ – sem hann hefur ítrekað að sé skoðun hans, og að trúleysingjar hafi gert „harða atögu“ að Þjóðkirkjunni. Þessi orð hitta hann sjálfan nefnilega fyrir.

Karl Sigurbjörnsson hefur sent okkur trúleysingjum ófáar sneiðarnar á undanförunum árum. Til dæmis hefur hann líkt okkur við siðleysingja og sagt lífsviðhorf okkar „mannskemmandi og sálardeyðandi“ og að þau „ógni mannlegu samfélagi“. Mér er spurn, hver er það sem er hatrammur? Hvernig



VÉSTEINN  
VALGARÐSSON

hefði það hljómað ef hann hefði sagt þetta um einhverja aðra, til dæmis gyðinga? Trúleysingjar eru líka fólk, og okkur getur sárnað undan svona rætni. Það er holar hljómur í tali um virðingu og umburðarlyndi, þegar biskup lætur svona dembur ganga yfir þá sem aðhyllast önnur lífsviðhorf. Er ekki hægt að lyfta þessari umræðu á hærra plan?

Trú er einkamál og hana á ekki að innræta í opinberum skólum. Kirkjan á hundruð húsa um allt land þar sem hún getur boðað sína trú óáreið fyrir börnum og fullorðnum. Í skólum á hins vegar að fræða um kristna trú, en ekki boða hana. Trúboð í opinberum skólum brýtur gegn trúfrelsi. Trúfrelsi er mannréttindi, og þau eru einstaklingsbundin en ekki einhver vinsældakosning. Þar að auki er að minnsta kosti fimmtungur þjóðarinnar trúlaus, enn fleiri áhugalitlir um trú og afgangurinn að miklu leyti blendinn í trúnni og aðhyllist algyðistrú, andatrú o.fl. sem seint telst kristilegt. Af einhverjum ástæðum virðist Þjóðkirkjan óttast okkur sem stöndum við jarðbundin og guðlaus viðhorf okkar. En við bitum ekki. Það eina sem við förum fram á er að tekið sé tillit til okkar.

Að þessu sögðu má ég samt til með að þakka Karli og félögum fyrir að beina athyglinni að trúboði í skólum og málstað og mannréttindabaráttu Siðmenntar. Trúleysingjar hafa fundið mikinn meðbyr í samfélaginu undanfarna daga þótt sterkar raddir hafi hamast gegn okkur, svo við erum full af bjartsýni og líðsandinn góður.

Höfundur er sagnfræðingur og trúleysingi.



# Um guðlast

---

- Birgir Baldursson:

- „Svo ekki fari á milli mála að ég fari með guðlast, þá lýsi ég því hér með yfir að hugmyndin um Guð sé ekki annað en hindurvitni, ... að heilagur andi sé ekki annað en grínfígúra og ekki til annars brúklegur en vera hafður að háði og spotti.“ (Gerir þessi orð James Randis að sínum á [www.birgir.com](http://www.birgir.com) 29-9-02.)
- „Í ofanálag er þjóðsöngur okkar eitthvað undirlægjuvæl gagnvart þessum valdasjúka guði, fáninn okkar dekoreraður merki heimskunnar, alþingi getur ekki hafist fyrr en búið er að særa galdrapulur fávísinnar ... Stétt manna nýtur virðingar samfélagsins fyrir að ljúga heimskulegum kraftaverkasögum ... það eina sem prestarnir geta ráðlagt fólki eru særingar og galdrapulur.“ ([www.birgir.com](http://www.birgir.com) 30-9-02.)

# Gneistinn

Dagbók og handahófskennt þvaður

Óli Gneisti  
Sóleyjarson



Ef þið viljið ná ennþá nánara sambandi við mig er hægt að nota [oligneisti@hotmail.com](mailto:oligneisti@hotmail.com) fyrir MSN. Ég nota ekki hotmail tölvupóst heldur nota ég tölvupóstfangið [olis@hi.is](mailto:olis@hi.is).

Mínar síður

[Viltu gefa Óla gjöf?](#)

[Um Óla](#)

[Um bloðið](#)

Þriðjudagur, 27. júní 2006 klukkan 15:27

## Fasísk lög

Ég var að lesa merkilega blogg færslu hjá honum Elíasi Halldóri um íslenska þjóðsönginn. Ég fór í kjölfarið að skoða lögin um þjóðsönginn og sá þar að brot á þeim lögum geta varðað fangelsi allt að tveimur árum! Hvað er að? Hverjum dettur í hug að það gæti undir nokkrum kringumstæðum verið réttlæt看legt að fangelsa manneskju, hvað þá í tvö ár, vegna vanvirðingar við þjóðsönginn? Þetta er sannarlega fasískt. Þessi klausa var sett inn árið 1998 sem er svoltið óhuggulegt.

Ég stóð líka í þeirri trú að þjóðsöngurinn hétí Lofsöngur.

Þetta skrifaði Óli Gneisti. Flokkun [Ísland](#) | [1 athugasemd](#)

Þriðjudagur, 27. júní 2006 klukkan 9:34

## Mögnuð vitleysa á Vefþjóðviljanum

Einn frægasti vísindamaður heims kemur til Íslands og [Vefþjóðviljinn segir að það sé til marks um útlendingadýrkun að fjölmiðlar taki viðtal við hann](#). Mögnuð vitleysa í þessu bloggi Þorsteins Davíðssonar.

Þetta skrifaði Óli Gneisti. Flokkun [Almennt](#) | [5 athugasemdir](#)



# Vantrú

Leita í fréttum mbl.is

Leita

embla

Leita

## Höfundur

Vantrú



## Efni

- » Forsíða
- » RSS

## Nýjustu færslur

- » Krosslausí fáninn
- » Áskorun til alþingismanna
- » Hjálpaði páfinn við að hylma yfir með barnaniðingum?
- » Síðlausir prestar

## Eldri færslur

- » Október 2006
- » September 2006

3.10.2006 | 10:44

## Krosslausí fáninn

En allavega höfðu Grænlandingar vit á að sleppa krossinum úr fána sínum. Það er aðdúnarvert.

Minnir á ljóð sem Helgi Hóseasson skrifaði um málið: [Já, - sko þá!](#)

[mbl.is](#) [Segir grænenska fánann virðast ættaðan frá dönskum siglingaklúbbi](#)

[Vantrú](#)

Flokkur: Trúarbrögð

## Af mbl.is

### Innlent

- » 26 skátar fá Forsetamerkið
- » 40 listamenn hafa hlotið styrki frá Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar
- » Rúmlega 22.000 manns hafa skrifað undir áskorun Blátt áfram
- » Flutningabíll með tengivagn fullan af fiski valt á Reykjanesbraut
- » Dálitil rigning eða súld sunnan- og vestanlands

### Erlent

- » Rasmussen lýsir skilningi á afstöðu mótmælenda
- » Interpol og Alþjóðalyfjæftirlitið ætla að berjast saman gegn lyfjantökun

# Kertasníkir, Jesú og félagar þeirra

Kynning á trúleysi fyrir táninga



Eftir  
“Aiwaz”

Þetta rit var snemma aðgengilegt á vefnum [www.vantru.net](http://www.vantru.net) sem pdf skjal en síðar tekið þaðan út að beiðni höfundarins. Síðar var það síðan endurbirt sem grein en með örfáum breytingum. Nafnið Jesús er nú beygt rétt í titlinum og allar vísanir til borgaralegrar fermingar, Siðmenntar og SAMT teknar út en í staðinn bent á nýstofnað félag Vantrúar.

## Trúa unglingar á jólasveininn?



Þér finnst þetta kannski asnaleg spurning en hugsaðu um það í smá stund. Góður kall með skegg, sem fylgist með þér í leyni allt árið til að vita hvort þú hagar þér vel eða illa og síðan launar hann þér með gjöfum og nammi í skóinn ef þú hagaðir þér vel en refsar þér með kartöflu og Grýlu ef þú hagaðir þér illa.

Hvað með Jesú?

Góður kall með skegg sem fylgist með þér í

leyni allt árið til að vita hvort þú hagar þér vel eða illa og síðan launar hann þér með góðu lífi í himnaríki ef þú hagar þér vel en refsar þér með þjáningu í helvíti með Djöflinum ef þú hagar þér illa.



Hver er munurinn á þessum tveim ævintýrasögum um góða skeggjaða kallinn?

Jú, einni sögunni hættum við að trúa svona um 7 ára aldurinn, af því að við sjáum að þetta er bara fáránleg vitleysa, en sumir halda áfram að trúa hinni sögunni alveg þangað til þeir deyja, af því að fólk þorir ekki að viðurkenna að hin sagan er auðvitað jafnvitlaus.

Maður þarf að hugsa sjálfur um málið og ekki trúa öllu sem manni er sagt eins og þegar maður var bara barn.

## En það fermast allir í mínum bekk!

Það er erfitt að vera öðruvísi en hinir. Sérstaklega á unglingsárunum. En Ísland er nú orðið fjölþjóðlegt land. Það eru ekki allir kristnir og mjög margir eru trúlausir. Þess vegna er það sífellt stærri hópur sem lætur fermast borgaralega á ári hverju. Svo ef þú heldur að það sé erfitt að fermast ekki eins og hinir í bekknum getur þú nú valið að fermast borgaralega. Allar upplýsingar um borgaralega fermingu færð þú hjá félaginu Siðmennt sem hefur staðið fyrir borgaralegum fermingum í áraraðir. Athugaðu heimasíðu þeirra á netinu: [www.sidmennt.is](http://www.sidmennt.is).



## Það er enginn að fylgjast með þér í sturtu!

Trúlausir eru alveg lausir við að halda að einhver ósýnileg vera sé t.d. að fylgjast með þér í sturtu! Eða þegar þú ert að fróa þér, sofa hjá eða á klósettinu. Það er beinlínis ógeðslegt að hugsa til þess að fólk trúi slíku. Það eru heldur ekki til neinir djöflar, púkar eða draugar sem geta fylgst með þér eða gert þér grikk. Þetta eru bara gamlar þjóðsögur og hjátrú. Í nútímaþjóðfélagi er það satt að segja hálf hallærislegt að fólk sem brimar um á internetinu geti svo bara slökkt á tölvunni og trúað á púka eins og fólkíð gerði í myrkrinu í torfkofunum í gamla daga. Halló! Vaknið! 21. öldin kallar!!!

## En hvað gerist þá eftir dauðann?

Flestir eru hræddir við dauðann. Trúlausir vita að dauðinn er bara eins og að sofna. Maður missir meðvitund og veit ekki meir. Það er í raun sama ástand og þú varst í áður en þú fæddist! Í billjónir ára varst þú ekki til og svo heldur það bara áfram. Þótt okkur langi öll til að lifa áfram eftir dauðann þá er það bara ekki hægt.

Sjálfsmeðvitund okkar, persónuleiki og hugsun byggjast algerlega á efnaskiptum og rafboðum í heila okkar. Ef heilinn deyr þá erum við líka dáin. Það er ekkert eftir sem gæti lifað áfram. Trúlausir eru það hugrakkir að þeir þora að viðurkenna þessa staðreynd. Það er erfitt en heiðarlegra heldur en að lifa í óskhyggjundraumi. Sannleikurinn skiptir okkur meira máli.

## Hvernig varð þá allt til?



Fólk sem trúir á guði reynir oft að sannfæra sjálfan sig og okkur hin trúlausu með því að segja að ekkert hafi getað orðið til ef guð hefði ekki skapað heiminn. Þeim finnst heimurinn svo stórkostlegur að þeim finnst hann ekki getað hafa verið alltaf til. En hvað með guð? Er hann þá ekki enn þá meira stórkostlegur fyrst hann getur líka búið til heilan heim? Er þá ekki enn meiri ástæða til að ætla að einhver hafi búið til guð? Hver bjó til guð? Það

hlýtur að vera enn stórkostlegri vera heldur en guð sem getur búið til guð. Svona er hægt að halda áfram endalaust. Málið er að heimurinn er staðreynd. Guð er bara hugmynd. Ef guð getur alltaf hafa verið til þá getur alveg eins heimurinn alltaf hafa verið til.

## Hvað er það sem gerist?

### Af hverju trúum við?

Þegar við fæðumst trúum við ekki á jólasveininn. Það þarf að kenna okkur að trúa á hann. Mamma, pabbi, kennarinn og vinir þínir þurfa öll að setja upp alvarlegan svip og segja þér sögur af jólasveininum og sýna þér myndir af honum í bók. Þá ferð þú að trúa að hann sé til, því allir segja að hann sé til. Það sama er með trú. Þú fæddist trúlaus. Það þurfti að kenna þér að trúa. Mamma, pabbi, kennarinn og allir krakkarnir í skólanum sögðu þér að guð, alveg eins og jólasveinninn, væri til í alvörinni. Þér voru sagðar sögur og sýndar Jesúmyndir og þú fórst að trúa af því allir sögðu að guð væri til.



Þú hugsaðir ekki sjálf/ur um málið.

## Að hugsa sjálfur um guð

Þegar þú varðst nógu gömul/gamall þá fórst þú að geta hugsað sjálf/sjálfur um jólasveininn og þá fóru allir að segja þér að hann væri bara plat. Þegar mamma, pabbi, kennarinn og allir hinir krakkarnir fóru að segja þér að jólasveinninn væri bara í þykjustunni fórst þú að hugsa málið og skildir að jólasveinasögurnar voru bara ævintýrasögur. Ævintýrasögur eru skemmtilegar en þær eru ekki í alvörinni. En enginn segir þér að guð sé bara plat. Og ef þú hugsar ekki sjálf/sjálfur um guð þá uppgötvar þú aldrei að guð er bara í þykjustunni og að ævintýrasögurnar úr Biblíunni eins og sagan um Nóaflóðið eru bara ævintýrasögur.



## Kristið fólk trúir ekki heldur!

Þeir sem eru kristnir trúa ekki á Óðinn, Ósiris, Allah, Seif eða Búddah. Ef þú spyrð þá afhverju, þá svara þeir með því að segja að ef þeir lesi sögurnar og hugsi sjálfir um málið sjái þeir strax að þessir guðir eru bara í þykjustunni og engin sönnun fyrir tilveru þeirra. Og ef þú spyrð múslíma þá kemur í ljós að hann trúir ekki heldur, þ.e. á Óðinn, Ósiris, Jesú, Seif eða Búddah.



Það er af nákvæmlega sömu ástæðu sem trúlausir trúa ekki á guði.

Ef maður hugsar sjálfur um málið sér maður að guðir eru bara í þykjustunni og sögurnar um þá eru bara ævintýri. Ekki bara sumir guðir heldur allir guðir.

## Er ekki allt í lagi að trúa?

Fyrir þá sem ekki vilja lifa í blekkingu og ef sannleikurinn skiptir þig máli þá er ekki í lagi að trúa í blindni á ósýnilegar ævintýraverur. Í mörgum tilfellum er í sjálfu sér ekkert slæmt við trú og hún huggar marga sorgmædda sem ekki eru tilbúnir að horfast í augu við raunveruleikann. Fyrir trúlausar skiptir sannleikurinn meira máli. Að lifa í hinum raunverulega heimi og að taka sjálfur ábyrgð á sínu lífi er meira áriðandi fyrir hinn trúlausar. Það er líka niðurlægjandi og vitsmunalega óheiðarlegt að plata sjálfan sig til að trúa á ævintýri bara af því að við vildum að það væri satt. Trúlausum finnst betra að upplifa óþægindin sem stundum fylgja sannleikanum frekar en að lifa í fölsku öryggi óskhyggjunnar.

## Ef guð er ekki til er þá ekkert rétt eða rangt?

Margt trúað fólk virðist halda að trúlausir hafi engan siðaboðskap til að lifa eftir fyrst þeir hafi engar leiðbeiningar frá guði um hvað sé rétt eða röng hegðun. Þetta fólk spyr; “hvað kemur í veg fyrir að þið drepið ekki bara næsta mann”? Það er mjög erfitt að trúa því að skynsamlegt og vel menntað fólk geti spurt svona heimskulegrar spurningar en samt er þetta staðreynd.

Hinir heiðnu guðir Grikkja og Rómverja til forna voru ekki beinlínis góð fyrirmynd í siðferði en samt eru siðakerfi gömlu grísku heimspekinganna stórkostlegri en nokkuð það sem stendur í Biblíunni. Samfélög simpansa apa einkennast ekki af óreiðu og morðum heldur jafnvægi þótt apar viti ekkert um Móse eða boðorðin tíu! Það er vegna þess að frá náttúrunnar hendi erum við félagsverur og það kemur til vegna félagslegrar, sálfræðilegrar og lífrænnar þróunar mannsins en ekki vegna þess að við veljum að gera hitt eða þetta. Það er í eðli okkar að leitast eftir að lifa sem hamingjusömustu lífi. Því er það okkur eðlislægt að gera það sem hjálpar okkur til þess að ná því marki og það kemur líka í veg fyrir að við framkvæmum það sem myndi hindra okkur að því marki. Þess vegna eru morð og önnur andfélagsleg hegðun undantekning bæði í samfélögum manna sem og apa. Ímyndaðir guðir koma bara málinu ekkert við.

**Trúlausir lifa því góðu og siðferðilegu lífi því það er okkur mönnum eðlislægt en ekki af ótta við refsingu ósýnilegs anda.**

Hvað ef eitthvað væri gott bara af því guð segir það? Þá væri morð og nauðgun góð hegðun ef guð segði það í Biblíunni. En ef hið góða er óháð því sem guð segir þá er það góða bara gott hvort sem er og þannig eru guðir alveg óþarfir til að skýra hvað er gott eða illt.

## Að velja trúleysi

Það er kannski ekki auðveldasta leiðin að velja sér í lífinu. En það er sú heiðarlegasta. Það auðveldasta er bara að hugsa ekkert um trúmál heldur fylgja fjöldanum, segjast hafa sína “barnatrú” og vonast eftir að elsku mamma, pabbi, afi og amma taki á móti okkur eftir dauðann. Að hugsa aldrei um það hvað guð er. Bara trú á blindni og vona að það sem prestarnir segja í kirkjunni sé rétt og að þú hafir óvart hitt á hina einu og sönnu trú af öllum þeim þúsundum trúarbragða sem til eru og sem hafa verið fundin upp af mönnunum.

Það er erfiðara að velja trúleysi. Þá þarft þú að hafna því sem foreldrar, kennarar og vinir þínir hafa reynt að sannfæra þig um að sé rétt frá því þú varst barn. Það getur verið mjög sársaukafullt. Þannig er allur þroski. Öll framför. Það er alltaf erfitt að verða betri og heiðarlegri manneskja. Þitt er valið.

## Að fá hjálp

Sem betur fer ert þú ekki ein/einn. SAMT (Samfélag trúlausra) er t.d. félag fólks sem hefur valið erfiðu leiðina til enn meiri þroska. Eina skilyrðið fyrir þátttöku í starfi SAMT er að vera laus við trú á guð eða guði. Þú færð að taka þátt í skemmtilegum fundum þar sem þú færð mikinn stuðning og skilning á því sem þú gengur í gegnum. Unnið er að réttindabaráttu trúlausra og fyrir raunverulegu trúfrelsi á Íslandi.

SAMT er á netinu: [www.samt.is](http://www.samt.is)

Kaflinn „Að fá hjálp“ er núna á þessa leið:

„Sem betur fer ert þú ekki ein/einn. Vantrú er félag fólks sem hefur valið erfiðu leiðina til enn meiri þroska. Eina skilyrðið fyrir þátttöku í starfi Vantrúar er að vera laus við trú á yfirnáttúru. Þú færð að taka þátt í skemmtilegum samskiptum þar sem þú færð mikinn stuðning og skilning á því sem þú gengur í gegnum. Við vinnum hörðum höndum að réttindabaráttu trúlausra og fyrir raunverulegu trúfrelsi á Íslandi.“

# Dæmi um mótmælaaðgerðir Vantrúar Setning Alþingis 2004





- Vottar Jehóva halda því fram að trúarbrögð séu af hinu illa og þeir einir hafi höndlað sannleikann. Á kreppuárunum komu þeir oft saman á opinberum vettvangi með mótmælaspjöld þar sem þeir mótmæltu trúarbrögðum og tengslum þeirra við ríkisvaldið.
- Myndin er úr bókinni **Jehovah's Witnesses. Proclaimers of God's Kingdom.** (Watchtower Bible and Tract Society. New York. 1993. Bls. 568.)



nihil - nerdumdigitalis.blog.is - Windows Internet Explorer

http://nerdumdigitalis.blog.is/blog/nerdumdigitalis/


nihil - nerdumdigitalis.blog... x Pælingar Stefáns Friðriks Ste...

[Trúarbrögð](#) | Breytt s.d. kl. 22:43 | [Slóð](#) | [Athugasemdir \(10\)](#)

2.9.2007 | 15:24

## FATWA!!!!

Ég geri hér heiðalega tilraun til að fá kallað yfir mig dauðadóm (Fatwa) fyrir að birta hér myndir af Múhammeði spámanni á blogginu mínu, BRING IT ON BITCHES!!!!




Farið á [þessa](#) slóð og dreifið þessum myndum, og sýnum þessum bjálfum hvert þeir mega troða sínum trúarbrögðum.


[mbl.is](#) [Dönsk blöð birta „Múhameðshundinn“](#)

Tilkynna um óviðeigandi tengingu við frétt

[Stjórnmal og samfélag](#) | [Slóð](#) | [Athugasemdir \(4\)](#)

- Megin vandinn við herskáan málflutning Dawkins og fylgismanna hans gegn þeim trúarbrögðum sem þeir fyrirlíta er að hann er vatn á myllu haturshreyfinga sem grafa undan allsherjarreglu samfélagsins og almennu siðferði með því að ...
  - smána hvaðeina sem er öðrum heilagt.
  - umbera ekki trúartjáningu á opinberum vettvangi.
  - skerða málfrelsi trúaðra.
  - andmæla almennum mannréttindum á borð við að foreldrar veiti börnum sínum trúarlegt uppeldi og börn fái að tjá sig um trúarefni í skólum.
  - leggja í einelti m.a. með uppnefnum þá sem hafa önnur viðhorf.
  - fordæma minnihlutahópa á borð við gyðinga.
  - ástunda guðleysistrúboð í neikvæðri merkingu þess orðs.
- Myndin hér til hliðar er af bloggsíðu framhaldsskólakennara í Reykjavík.
  - Lengst af var síðan öllum aðgengileg en er nú aðeins fyrir innskráða. Múslimar á Íslandi mótmæltu síðunni hjá *Morgunblaðinu* og viðkomandi framhaldsskóla.
  - Höfundur tekur þátt í umræðum hjá Vantrú en óvíst er hvort hann telst félagi.

# Vandinn við kvikmyndina *Root of All Evil?*



- Hvernig skilur Richard Dawkins ...
  - vísindi?
  - trú?
  - fundamentalisma?
  - guðstrú?
  - guðleysi?
  - siðferði (gott og illt)?



## Vandinn við kvikmyndina *Root of All Evil?*

---

- Hvaða áhrif hefur boðun Richards Dawkins?
  - Efling vísinda eða gervivísinda?
  - Fundamentalískt guðleysi?
  - Myndun trúarhreyfinga guðleysingja?
    - Einstaklingsmiðlægar aðdáendahreyfingar (cult)?
    - Sértrúarhópar (sect)?
  - Skilningur eða fordómar?
  - Átök milli trúarhreyfinga?
  - Efling eða skerðing mannréttinda?



## Vandinn við kvikmyndina *Root of All Evil?*

---

- Um hvers konar kvikmynd er að ræða?
  - Heimildamynd eða áróðursmynd?
  - Hver er tilgangurinn með myndinni?
  - Út frá hvaða forsendum er gengið?
  - Hvernig hefur Dawkins undirbúið sig fyrir vettvangsrannsóknina?
  - Ber myndin vott um að Dawkins hafi kynnt sér framlag trúarbragðafræðanna, svo sem á sviði guðfræði, félagsfræði, sálarfræði, siðfræði og uppeldisfræði?
  - Hverjir eru valdir sem viðmælendur?
  - Njóta viðmælendur sannmælis?



## Að lokum

---

- Færa má rök fyrir því að guðleysi sé ein af fjölmörgum birtingarmyndum trúar.
- Birtingarmyndir guðleysis eru margvíslegar og afstaðan til annarra trúarviðhorfa allt frá því að vera jákvæð yfir í að vera neikvæð, en það er komið undir einstaklingum og hópum.
- Grunnforsendan í uppgjöri margra guðleysingja við trúna á Guð í einni eða annarri mynd virðist vera spurningin um réttlæti í heimi þjáningar og dauða.